

ur sem mælskumaður. Hafði hann stórmikil áhrif þar og átti miklum vinsældum að fagna. Dvaldi hann þar um 20 ár. 1879 fékk hann kall frá Únítarasöfnuði í New York og var hann prestur hans til 1896, er hann lét af prestsþjónustu, en tók þó þátt í messugerðum á sunnudögum til dauðadags.

Robert Collyer var afburðamaður bæði að líkamsþreki og gáfum. Hann var ágætur verkmaður á meðan hann stundaði iðn sína, járnsmíðið. Sagði hann sjálfur frá, að hann hefði orðið svo leikinn í að smíða klaufhamra, þegar hann var í Philadelphia, að hann hefði getað klárað 10 tylftir á dag. Þó hann hefði sama sem enga skólamentun var hann mjög vel mentaður maður; enda las hann seint og snemma og lét enga stund ónotaða. Hann var áhrifamikill ræðumaður, einbeittur og ákveðinn í skoðunum sínum og hikaði ekki við að láta í ljós skoðanir sínar, þó þeir væru viðstaddir, sem ekki voru honum sammála. Sem viðurkenningu fyrir lærdóm hans, sændi háskólinn í Leeds á Englandi hann doktors nafnbót í bókmentum. Og til minningar um starf hans fyrri hluta æfinnar var steðjinn, sem hann sló járníð á í Ilkley keyptur og gefinn kyrkju þeirri, er hann þjónaði í Chicago, fyrir fáum árum. Jafnan mintist Collyer þess sjálfur með ánægju, að hann var járnsmíður framan af æfinni.

Collyer var mjög vinsæll maður. Var hann elskaður og virtur af öllum sem þektu hann bæði vegna hæfileika og mannkosta. Hann var ljúfmenni mesta, hreinn og staðfastur í lund. Af vinum hans má nefna Andrew Carnegie. Voru þeir aldavinir og fanst hvorum mikið til um hinn. Æfi beggja var lík að því leyti að báðir komu allslausir til Ameríku og urðu nafnfrægir menn, þó á ólíkan hátt væri.

Hinn ástsæli öldungur dó eftir stuttan lasleika. Únítarar í New York, Chicago, Boston og Washington héldu hátíðlegar samkomur til minningar um hann. Hann var syrgður af mörgum bæði í fósturlandi sínu og föðurlandi.

---